

Reglur læknalaga gilda um viðurlög við brotum í starfi heilbrigðistækna, um sviptingu löggildingar þeirra og um endurveitingu starfsréttinda.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Auk þeirra reglugerða, sem kveðið er á um í 2. grein, getur ráðherra sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 53 22. apríl 1967, um fávítastofnanir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. hljóði svo:

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiðir eðlilegan dvalarkostnað fávita á viðurkenndu fávítahæli, hafi vistun hans þar verið úrskurðuð nauðsynleg, sbr. 11. gr.

2. gr.

6. gr. hljóði svo:

Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiðir hæfilegt gjald vegna fávita, sem dvelst á viðurkenndu dagvistarheimili samkvæmt þessum lögum, enda hafi slík dvöl verið úrskurðuð með sama hætti og segir í 5. gr. Aldrei skal þó slíkur kostnaður greiddur hærri fjárhæð en nemur $\frac{3}{5}$ hlutum þess kostnaðar, sem greiddur er vegna fávita, sem dvelur á aðalfávítahæli ríkisins.

Ákvæði þessarar greinar skerða ekki rétt fávita til lögboðins lífeyris.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972.

Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1971.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.